

LÖG

um

heimild handa ríkisstjórninni til að veita guðfræðikandidat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.

30

15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita guðfræðikandidat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

LÖG

um

skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

31

15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til greiðslu á kostnaði þeim, er bæjarsjóður Siglufjarðar hefir haft af byggingu sjóvarnargarðsins þar, skal árlega greiða skatt í bæjarsjóð, svo sem

31 hjer segir, af öllum útmældum lóðum innan löggilts verslunarsvæðis í kaup-
15. júní staðnum og af húsum á þeim lóðum:

1. Af húsum og lóðum, er liggja að sjó í Bakka, Hvanneyrarkrök, Siglufjarðareyri og innan Siglufjarðareyrar og austan fjarðar, 4 af þúsundi af virðingarverði fasteigna samkvæmt fasteignamati.
2. Á aðrar fasteignir í kaupstaðnum heimilast bæjarstjórn að leggja árlegan skatt, 2 af þúsundi. Skatturinn telst af fullum hundrað krónum virðingarverðsins; minni upphæð en 100 kr. kemur ekki til greina.

Tún og garðar og fasteignir, sem eru eigi fasteignaskattskyldar samkvæmt lögum nr. 66, 1921, eru undanskildar þessum skatti.

Þá er lokið er greiðsla á kostnaði þeim, er bæjarsjóður hefir haft af sjóvarnargarðinum, fellur skatturinn niður. Komi það í ljós síðar, að bæjarsjóður þurfi að leggja fram fje til viðhalds eða endurbyggingar garðinum, þá er bæjarstjórninni heimilt að taka skattinn upp af nýju og verja til lúkningar þeim kostnaði.

2. gr.

Skatturinn greiðist á manntalsþingi af eigendum húsa og leigutökum lóða eða notendum, sem samkvæmt byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra. Bæjarfógeti Siglufjarðar innheimtir skattinn gegn 2% innheimtulaunum, í fyrsta sinn á manntalsþingi 1927.

3. gr.

Skattinn má taka lögtaki, og gengur hann í tvö ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum á húseign þeirri, er hann hvílir á, næst eftir fasteignaskatti ríkisins.

Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi skattinn í tvö ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sínum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.